

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 24. febrúar 1975 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76, 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

Framan við 51. gr. komi nýr kafli er nefnist 51. grein a, en núverandi 51. gr. verði 51. grein b.

Hinn nýi kafli verði svohljóðandi:

#### a. Stjórn heimspekideildar.

##### 1. Stjórn deildarinnar.

Stjórn deildarinnar er falin deildarforseta, deildarráði og deildarfundi.

##### 2. Deildarforseti og deildarfulltrúi.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa úr hópi prófessora deildarinnar til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram í aprílmánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta kennsluárs. Deildarforseti boðar deildarfundi og deildarráðsfundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Deildarforseti hlutast til um framkvæmd á samþykktum deildarráðs og deildarfundar.

Deildarforseta til aðstoðar við framkvæmd á samþykktum deildarráðs og deildarfundar er fastur starfsmaður, deildarfulltrúi, er lýtur stjórn deildarforseta og yfirstjórnar Háskólans. Deildarfulltrúa skal sett erindisbréf.

##### 3. Deildarráð.

Deildarráð er stjórnarnefnd deildarinnar og fer í umboði deildarinnar með ákvörðunarvald í málefnum hennar öðrum en þeim, sem deildarfundur fer með skv. 6. mgr. 4. töluliðar.

Deildarráð er skipað níu mönnum, deildarforseta, sex föstum kennurum kjörnum á deildarfundi til eins árs í senn og þeim tveimur fulltrúum stúdenta, er sæti eiga á deildarfundi. Varaforseta er og heimil seta á fundum ráðsins og hefur hann þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Kjör fastra kennara í deildarráði fer fram á deildarfundi í aprílmánuði ár hvert, og taka þeir sæti í deildarráði með byrjun næsta kennsluárs. Við kjör í deildarráð skal þess gætt, að einstakar kennslugreinir fái fulltrúa sem næst í hlutfalli við fjölda fastra kennara í grein, en þær greinir, sem í eru færri fastir kennarar en svo, að þær eigi fulltrúa í deildarráði á hverju ári, fái fulltrúa til skiptis.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinir, sem eigi er fulltrúi fyrir í deildarráði, og skal deildarforseti þá leita umsagnar og tillagna greinarkennara og gefa þeim kost á að senda fulltrúa á deildarráðsfund til að ræða það mál, en atkvæðis-

rétt á fulltrúinn ekki. Endranær getur deildarráð kallað einstaka kennara sér til ráðuneytis, ef ástæða þykir til.

Deildarráð heldur fundi eigi sjaldnar en aðra hverja viku á kennsluárinu, en ella ef þörf krefur. Fundi skal boða bréflega með þriggja daga fyrirvara. Fundar-efni skal greina í fundarboði. Deildarráðsfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum. Nú er ágreiningur í deildarráði, og skal þá skjóta máli til deildarfundar ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna sækja þess. Þriðjungur atkvæðisbærra deildarmanna getur og áfrýjað ákvörðun deildarráðs til deildarfundar. Málskot frestar framkvæmd á ákvörðun deildarráðs.

Gerðir deildarráðsfundar skulu bókfærðar. Lesa skal fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

#### 4. Deildarfundur.

Á deildarfundum eiga sæti allir fastráðnir kennarar við deildina í fullu starfi, svo og tveir fulltrúar stúdenta, tilnefndir af Félagi stúdenta í heimspekideild. Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreininir kennara, sem ekki eiga setu á deildarfundum, og skal þá deildarforseti boða þá á deildarfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni og bera fram tillögur, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Deildarfundur skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári, á öndverðu haustmisseri og í aprílmánuði. Auk þess skal boða til deildarfundar, ef rektor, deildarforseti, þriðjungur deildarráðsmanna eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á setu á deildarfundum sækja. Deildarfundur skal boða bréflega með minnst viku fyrirvara. Fundarefni skal greina í fundarboði. Deildarmönnum, er setu eiga á deildarfundum, er skylt að sækja fundi.

Nú má deildarmaður, sem á setu á deildarfundum ekki sækja fund vegna forfalla, og er honum þá heimilt að gera bréflega grein fyrir atkvæði sínu í tilteknu máli.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra deildarmanna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Deildarfundur fer fyrir hönd deildarinnar með mál, er varða prófessorsembætti og dósent- og lektorsstörf skv. 11. og 12. gr. háskólalaga, starfsskyldu kennara skv. 18. gr. háskólalaga, veitingu doktorsnafnbóta skv. 31.—33. gr. háskólalaga eða tillögur til breytinga á reglugerð háskólans. Deildarfundur tekur endanlega ákvörðun fyrir hönd deildar í þeim málum, sem vísað er eða áfrýjað til hans frá deildarráði.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Kjör til deildarráðs skal fara fram á fyrsta deildarfundum eftir útgáfu reglugerðarbreytingar þessarar.

#### 2. gr.

Í stað 51. gr. í 1. og 3. mgr. 53. gr. I og 55. gr. b komi 51. gr. b.

#### 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 25. febrúar 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*